



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 137/217
komudagur 16.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. júní 2009

38. mál

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að vera beðin um umsögn um ofangreind mál.

Nýlega skilaði stjórn LÍ til Heilbrigðisráðuneytisins umsögn sinni um drög að tillögu að tilskipun um rétt sjúklinga til þess að sækja heilbrigðisþjónustu til annarra Evrópusambandsríkja. Í umsögn félagsins koma fram að það telur hag sjúklinga, heilbrigðisstarfsmanna og þess opinbera betur borgið með samþykkt tilskipunarinnar.

Í ljósi þessarar niðurstöðu er það mat félagsins að eðlilegt skref sé að kanna með viðræðum hvaða áhrif möguleg Evrópusambandsaðild myndi hafa fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður